

Seinni heimsstyrjöldin

Námsefni: Jón Þ. Þór: *Heimsstyrjöldin síðari* og/eða valdir kaflar (fjölrit) sem segja sögu tímabilsins ásamt heimildarmyndum um seinni heimsstyrjöldina. Auk þess er fyrirhuguð utanlandsferð til Prag í Tékklandi á vegum Erasmus áætlunarinnar.

Á hausmtisseri verður aðdragandi seinni heimsstyrjaldar rakinn allt aftur til loka fyrri heimsstyrjaldar og fram í miðja seinni heimsstyrjöld (1942) þar sem gangur stríðsins, einkum í Evrópu verður skoðaður.

Á vormisseri verður seinni hluti styrjaldarinnar rakinn til loka með viðkomu í Kyrrahafi þar sem þáttur Japana verður skoðaður. Auk þess verður eftirmálum stríðsins og upphafi kalda stríðsins veitt athygli ef tími vinnst til. Grimmdarverkum styrjaldarinnar verður veitt sérstök athygli.

Kennsla: Kennt er í 40 mín lotum tvisvar í viku á bæði haust- og vormisseri. Þriðji tíminn er hugsaður sem umfjöllun um hernám Íslands og Tékkóslóvakíu og fer að mestu fram í formi utanlandsferðar til Prag og er hluti af Erasmus verkefni. Þeir nemendur sem ekki komast í ferðina skila auka verkefni. Kennt er með fyrirlesturum, verkefnum og ýmsum hjálpargögnum svo sem heimildarmyndum. Verkefni eru af ýmsum toga, t.d. þurfa nemendur að undirbúa erindi um efni sem valin eru í samráði við kennara. Um er að ræða heimildavinnu sem nemendur fá nokkrar vikur til að undirbúa. Að loknum flutningi skulu nemendur svara fyrirspurnum samnemenda og kennara. Einnig eru ýmis skrifleg verkefni unnin heima eða í kennslustundum. Þá er ætlast til að nemendur mæti undirbúnir í tíma, taki þátt í umræðum og séu tilbúnir til að standa frammi fyrir samnemendum og greina frá því sem þeir hafa lært.

Námsmat: Einkunn byggist á mætingu og þátttöku í tímum og utanlandsferð auk þess sem nemendur taka kaflapróf og flutningur fyrirlesturs er metinn til einkunnar.

Sett fram með fyrirvara um breytingar vegna Covid 19.